

## Fundargerð 309. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg  
Fundardagur: þriðjudagur 17. desember 2024  
Fundartími: 16:00-17:00  
Fundarmenn: Árni Eiríksson, oddviti  
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri  
Walter Fannar Kristjánsson  
Harpa Magnúsdóttir  
Hjalti Guðmundsson

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

### 1. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 293, dags. 12.12.2024

- a) Laugardælur L166253; Laugardælur spennistöð 1, 2 og 3; Stofnun lóða – 2412003

Lögð er fram umsókn ásamt undirritaðri merkjalýsingu dags. 19.11.24, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024, er varðar stofnun nýrra landeigna undir spennistöðvar. Óskað er eftir að stofna þrjár 36 fm lóðir, Laugardælur spennistöð 1, 2 og 3, úr landi Laugardæla L166253.

*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðanna skv. framlagðri merkjalýsingu. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir stofnun þriggja nýrra 36 m<sup>2</sup> landeigna undir spennistöðvar, Laugardælur spennistöð 1, 2, og 3, úr landi Laugardæla L166253 skv. framlagðri merkjalýsingu dags. 19.11.24.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- b) Steinhólar L199346; Markarflöt 1 og 2; Stofnun lóða – 2412014

Lögð er fram umsókn ásamt undirritaðri merkjalýsingu dags. 11.11.2024, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024, er varðar stofnun nýrrar landeigna. Óskað er eftir að stofna 2 nýjar landeignir, Markarflöt 1 (4.289,1 fm) og Markarflöt 2 (9.329,4 fm), úr landi Steinhóla L199346.

*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðanna skv. framlagðri merkjalýsingu. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið. Skipulagsnefnd UTU bendir á að framkvæmdir innan lóða eru að jafnaði háðar gerð deiliskipulags sem tekur til svæðisins.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að stofnaðar verði 2 nýjar landeignir, Markarflöt 1 (4.289,1 fm) og Markarflöt 2 (9.329,4 fm), úr landi Steinhóla L199346 skv. framlagðri merkjalýsingu dags. 11.11.2024. Sveitarstjórn bendir á að framkvæmdir innan lóða eru að jafnaði háðar gerð deiliskipulags sem tekur til svæðisins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- c) Heiðargerði 9-18; Athafnasvæði; Deiliskipulag – 2412025

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsáætlunar sem tekur til athafnasvæðis AT1 við Heiðargerði. Innan deiliskipulagsins eru afmarkaðar 10 lóðir sem ætlaðar eru til

uppbryggingar hreinlegrar atvinnustarfsemi. Auk þess er gert ráð fyrir geymslu- og gámasvæði.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr.*

*123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag og uppfærða greinargerð sem tekur til athafnasvæðis AT1 við Heiðargerði þar sem afmarkaðar eru 11 lóðir sem ætlaðar eru til uppbryggingar hreinlegrar atvinnustarfsemi auk geymslu- og gámasvæðis. Sveitarstjórn samþykkir að framlagt deiliskipulag verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulags-tillögunnar liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- d) **Heiðargerði 1 L209861, 5 L188574 og 7 L237768; Breytt afmörkun lóða og byggingarreita; Deiliskipulagsbreyting – 2412024**  
Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar sem tekur til sameiningar lóða Heiðargerðis 5 og 7 og breytinga á byggingarreit lóðar 1.  
*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykka framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt lóðarhöfum innan svæðisins.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða tillögu deiliskipulagsbreytingar sem tekur til sameiningar lóða Heiðargerðis 5 og 7 og breytinga á byggingarreit lóðarinnar Heiðargerði 1. Sveitarstjórn samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt lóðarhöfum innan svæðisins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- e) **Þjórsárbraut 2 L237564, Stórholt; Landbúnaðarsvæði í verslun og þjónustu; Deiliskipulagsbreyting – 2408027**  
Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar, eftir auglýsingu, sem tekur til deiliskipulags búgarðabyggðar í landi Stórholt, Smáholts og Litlaholts. Breytingin er gerð samhliða aðalskipulagsbreytingu þar sem skilgreint er verslunar- og þjónustusvæði og hluta landsins. Í breytingunni felst að skilgreind er lóð, Þjórsárbraut 2A. Á lóðinni er heimilt að reisa um 350 fm þjónustuhús, þar sem jafnframt er heimilt að hafa 4 - 5 gistirými fyrir samtals um 20 gesti og um 30 - 40 gestahús til útleigu, sem eru um 30 fm hvert, fyrir samtals um 60 - 80 gesti. Ennfremur er heimilt að reisa um 200 fm íbúðarhús/starfsmannahús og um 200 fm aukahús s.s. gestahús, gróðurhús, hesthús og/eða geymslu/skemmu.  
*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykka framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Mælist nefndin til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samhliða gildistöku aðalskipulagsbreytingar vegna svæðisins.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag sem tekur til búgarðabyggðar í landi Stórholt, Smáholts og Litlaholts eftir auglýsingu og að það

taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samhliða gildistöku aðalskipulagsbreyingar vegna svæðisins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- f) Þjórsárbraut 2, Stórholt; Landbúnaðarsvæði í verslun og þjónustu;  
Aðalskipulagsbreyting – 2401034

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 vegna lóðarinnar Þjórsárbrautar 2 í landi Stórholtss eftir auglýsingu. Samkvæmt núverandi staðfestu aðalskipulagi Flóahrepps er landið skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Er það ósk landeigenda að aðal- og deiliskipulagi svæðisins verði breytt þannig að hluti lóðarinnar Þjórsárbraut 2 (3,21 ha), verði ætlað undir verslun- og þjónustu. Innan reitsins verði heimilt að reisa um 350 fm þjónustuhús þar sem jafnframt er heimilt að hafa 4 - 5 gistirými fyrir samtals um 20 gesti og um 30 - 40 gestahús til útleigu, sem eru um 30 fm hvert fyrir samtals um 60 - 80 gesti. Ennfremur er heimilt að reisa um 200 fm íbúðarhús/starfsmannahús og um 200 fm aukahús, s.s gestahús, gróðurhús, hesthús og/eða geymslu/skemmu.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykka breytingu á aðalskipulagi eftir auglýsingu. Að mati nefndarinnar hefur verið brugðist við þeim umsögnum sem bárust vegna tillögunnar innan greinargerðar aðalskipulagsbreytingarinnar þar sem m.a. er bætt við ítarlegri umfjöllun er varðar fráveitumál í kafla 10 auk þess sem tilgreint er að áætlanir á grundvelli skipulagsbreytingar séu tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um hvort þær skuli háðar mati á umhverfisáhrifum. Nefndin mælist til þess við sveitarstjórn að óskað verði eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða breytingu á aðalskipulagi sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 vegna lóðarinnar Þjórsárbrautar 2 í landi Stórholtss eftir auglýsingu. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við þeim umsögnum sem bárust vegna tillögunnar innan greinargerðar aðalskipulagsbreytingarinnar þar sem m.a. er bætt við ítarlegri umfjöllun er varðar fráveitumál í kafla 10 auk þess sem tilgreint er að áætlanir á grundvelli skipulagsbreytingar séu tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um hvort þær skuli háðar mati á umhverfisáhrifum. Sveitarstjórn óskar eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- g) Hjálmholt L166235; Hvítárbyggð; Stofnun lóðar – 2412033

Lögð er fram umsókn ásamt undirritaðri merkjálýsingu dags. 06.12.2024, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024, er varðar stofnun nýrrar landeignar. Óskað er eftir að stofna 194 ha landeign, Hvítárbyggð, úr landi Hjálmholtss L166235.

*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnum landeignarinnar skv. framlagðri merkjálýsingu. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið. Skipulagsnefnd UTU bendir á að framkvæmdir innan lóða eru að jafnaði háðar gerð deiliskipulags sem tekur til svæðisins.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að stofnuð verði ný landeign, Hvítárbyggð (194 ha), úr landi Hjálmsholts L166235 skv. framlagði merkjalýsingu dags. 06.12.2024 en bendir á að framkvæmdir innan lóða eru að jafnaði háðar gerð deiliskipulags sem tekur til svæðisins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

2. Afgreiðslur byggingarfílitrúa nr. 216, dags. 04.12.2024

Lagðar fram til kynningar.

3. Leiðréttig á bókun frá 308. fundi sveitarstjórnar og uppfærð greinargerð með fjárhagsáætlun 2025-2028

Fyrir liggur að leiðréttu þarf tvær tölur í bókun sveitarstjórnar frá 308. fundi sveitarstjórnar dags. 03.12.2024. Um er að ræða tekjur og rekstrargjöld samstæðu A og B hluta og á leiðréttigin við bókunina og greinargerðina sem fylgdi framlagningu fjárhagsáætlunar 2025-2028. Rétt fjárhagsáætlun lá fyrir fundinum og engin breyting er á rekstrarniðurstöðu.

Sveitarstjórn Flóahrepp samþykkir að gera eftirfarandi leiðréttingu á bókun vegna fjárhagsáætlunar 2025-2028 frá 308. fundi sveitarstjórnar dags 03.12.2024:

**Fjárhagsáætlun Flóahrepps 2025-2028 ásamt greinargerð – Seinni umræða**

Fyrir liggur fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárin 2025-2028 ásamt greinargerð frá sveitarstjóra.

- Tekjur samstæðu A og B hluta 1.347 milljónir króna
- Rekstrargjöld A og B hluta 1.165 milljónir króna
- Afskriftir A og B hluta 41 milljón króna
- Fjármagnsgjöld A og B hluta 8 milljónir króna
- Rekstrarniðurstaða A og B hluta jákvæð um 132,7 milljónir króna
- Áætlað handbært fé frá rekstri A og B hluta um 168 milljónir króna
- Afborganir langtíma lána áætlaðar 40 milljónir króna (lán Flóaljóss greitt upp)
- Áætlaðar fjárfestingar í A hluta nema 241 milljón og í B hluta 117 milljónum króna
- Áætluð viðhaldspör innan fasteigna sveitarfélagsins nema um 33 milljónum króna
- Ekki er gert ráð fyrir lántöku á árinu 2025
- Útsvarsprósenta óbreytt eða 14,97%
- Álagning fasteignagjalda í A flokki lækkar úr 0,47% í 0,45%
- Álagning fasteignagjalda í B flokki óbreytt eða 1,32%
- Álagning fasteignagjalda í C flokki óbreytt 1,60%
- 5% hækkun á vatnsgjaldi vegna lágmarks, hámarks og af föstu gjaldi.
- Sorphirðugjöld við heimili lækka
- Gjaldfrjálsar skólamáltíðir í grunnskólum
- Aðrar gjaldskrár hækka um 3,5%-5%

Að vinnu við fjárhagsáætlun komu, auk sveitarstjóra og sveitarstjórnar, stjórnendur deilda, bókari og launafílitrúi ásamt formönnum nefnda og er þeim hér með þakkað fyrir sína vinnu við gerð áætlunarinnar.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirliggjandi fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárin 2025-2028.

Samþykkt með 5 atkvæðum

4. Erindi frá Íslenska bænum – Friðlýsing og samfélagssáttmáli

Fyrir liggur tölvupóstur og bréf frá eigendum Íslenska bæjarins í Austur Meðalholtum þar sem farið er yfir vinnu sem staðið hefur yfir í þá átt að friðlýsa gamla bæinn í Austur-

Meðalholtum. Eigendur benda á þrjú atriði sem þau telja að snúi að nærsamfélagi og þar með sveitarfélagini og kalla eftir viðbrögðum við þeim atriðum.

Sveitarstjórn Flóahrepps felur sveitarstjóra að skoða hvort hægt sé að festa aðkomu byggðaþróunarfulltrúa eða annarra starfsmanna SASS vegna ráðgjafar og þjónustu vegna ofangreindrar vinnu sem snýr að friðlýsingum gamla bæjarins í Austur-Meðalholtum.

Sveitarstjórn telur ekki tímabært að taka ákvarðanir um annan beinan stuðning við verkefnið að svo stöddu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**5. Samþykkt fyrir Bergrisann bs. – Seinni umræða**

Fyrir liggja samþykktir Bergrisans bs. til síðari umræðu.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagðar samþykktir Bergrisans bs í síðari umræðu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**6. Frá Bergrisanum bs. – Framlög til úrbóta á aðgengismálum fatlaðs fólks 2023-2024**

Fyrir liggur hvatning frá stjórn Bergrisans bs. til sveitarfélaga innan byggðasamlagins um að sækja um framlög til úrgóta á aðgengismálum fatlaðs fólks í ljósi þess hve fáar umsóknir bárust.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að fela sveitarstjóra og umsjónarmanni fasteigna að sækja um framlög til úrbóta á aðgengismálum fatlaðs fólks vegna bætts aðgengis á skrifstofu Flóahrepps í Þingborg. Sveitarstjórn telur að skoða þurfi hvort framkvæmdir við bætt aðgengi geti farið saman með breytingum á sal í Þingborg sem áformáðar eru haustið 2025. Skila þarf inn verkefnalýsingum, fjárhagsáætlun og teikningum af bætta aðgengi fatlaðs fólk með umsókn um framlag.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**7. Erindi frá Hreggiði Hermannssyni frá 306. fundi sveitarstjórnar – Krafa um**

**niðurfellingu á leyfi vegna hótelbyggingar**

Fyrir liggur, að nýju, erindi frá Hreggiði Hermannssyni vegna kröfu um að sveitarstjórn felli niður leyfi vegna hótelbyggingar á Langholti 2 spildu (Langholt 2 land L205113) en erindið var fyrst tekið fyrir á 306. fundi sveitarstjórnar dags. 05.11.2024.

Svæðið sem vísað er í er skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði VP4 í gildandi aðalskipulagi. Skv. aðalskipulagi Flóahrepps er í deiliskipulagi gert ráð fyrir gistihiði með 11 herbergjum og gistingu fyrir allt að 25 gesti ásamt húsi fyrir starfsfólk. Stærð VP4 í aðalskipulagi er um 1 ha og er landnotkunin skilgreind sem punktur í aðalskipulagi sveitarfélagsins en ekki fláki með ákveðinni afmörkun. Núverandi VP4 punktur í aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 kom inn eftir að deiliskipulag fyrir svæðið var samþykkt. Byggir það deiliskipulag á heimildum aðalskipulags Flóahrepps 2003-2015 er varðaði heimildir fyrir annarri starfsemi en landbúnaði á bújörðum. Í gildandi aðalskipulagi sem tók gildi árið 2018 er vísað í það deiliskipulag sem var þegar í gildi fyrir svæðið og punkturinn VP4 settur inn á ca. mitt skipulagssvæði og var því augljóslega ætlað að taka til þess svæðis sem byggingarreitur gistihiðs innan deiliskipulags er skilgreindur á.

Ákvörðun sveitarstjórnar Flóahrepps frá 8. janúar 2014 um deiliskipulag fyrir hluta Langholts 2 og 3 var kærð til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindarmála með bréfi sem barst úrskurðarnefndinni 11. mars 2014. Úrskurður nefndarinnar var að fella úr gildi heimild deiliskipulagsins fyrir byggingu 50m<sup>2</sup> íbúðarhúss að Langholti 3. Óveruleg breyting á deiliskipulaginu var samþykkt af sveitarstjórn 03.10.2023 og er sú breyting móttokin af Skipulagsstofnun 12.01.2024. Að öðru leyti er deiliskipulagið, sem samþykkt var í sveitarstjórn 08.01.2014, og tók gildi með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda þann 14.02.2014 í fullu gildi. Að mati sveitarstjórnar Flóahrepps er viðkomandi landnotkun verslunar- og

þjónustusvæðis ásamt gildandi deiliskipulagi fyrir umrætt svæði í gildi og í samræmi við heimildir núverandi aðalskipulags og úrskurð Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Ofangreindu málí vegna skipulags svæðisins í Langholti 2 og 3 er lokið af hálfu sveitarstjórnar. Sveitarstjórn fellst því ekki á kröfum Hreggviðs Hermannssonar um niðurfellingu á leyfi vegna hótelbyggingar í Langholti 2 land L205113.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### 8. Styrkbeiðni frá Sigurhæðum fyrir 2025

Fyrir liggur styrkumsókn frá Sigurhæðum ásamt upplýsingum um starfsemi Sigurhæða og kostnaðaráætlun 2025. Óskað er eftir styrk að upphæð 359.499 kr og er þá gert ráð fyrir framlagi frá SASS á árinu 2025.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að veita styrk til Sigurhæða fyrir árið 2025 að upphæð 260.000 kr, um 5% hækjun á milli ára. Gert er ráð fyrir styrknum í nýsamþykktri fjárhagsáætlun fyrir árið 2025.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### 9. Erindi frá byggðaþróunarfulltrúa neðrihluta Árnessýslu

Fyrir liggur erindi frá byggðaþróunarfulltrúa neðri hluta Árnessýslu er varðar hugmynd um að skoða betur möguleika Flóahrepps til þess að þróa hringrásargard í Flóahreppi. Sveitarstjórn Flóahrepps tekur jákvætt í erindið og óskar eftir því að byggðaþróunarfulltrúi fundi með sveitarstjórn um málid.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### 10. Fundargerðir

- Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 308, dags. 03.12.2024
  - Fræðslunefndar nr. 154, dags. 26.11.2024
  - Aðalfundar Afréttarmálarfélags Flóa og Skeiða dags. 29.03.2024
  - Stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. dags. 22.11.2024
  - Öldungaráðs Uppsveita og Flóa nr. 3, dags. 04.12.2024
- Varðandi lið 2 í fundargerð þá veitir Flóahreppur ekki formlega styrki en veitt er endurgjaldslausr aðstaða fyrir félagsstarf 60+ íbúa, akstur í dagdsvöl hefur verið niðurgreidd og aðgangur að sundstöðum í Árborg fyrir eldri borgara er greidd af sveitarfélagini.
- Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að veita eldri borgurum í Flóahreppi áfram gjaldfrjálsan aðgang á sundstaði í Árborg á árinu 2025 og felur sveitarstjóra að ganga frá því við Sveitarfélagið Árborg. Að auki felur sveitarstjórn sveitarstjóra að kanna möguleikann á formlegu samstarfi við Árborg um heilsueflingu eldri íbúa með þátttöku í reglulegri hreyfingu og heilsueflingu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Varðandi lið 4 b) þá þakkar sveitarstjórn fyrir góða ábendingu að fá fulltrúa öldungaráðs til að fjalla oftar um málefni eldri íbúa svo sem vegna aðgengis að opinberum byggingum o.fl.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 959, dags. 29.11.2024
- Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 240, dags. 03.12.2024
- Svæðisskipulags Suðurhálendis 2022-2042 nr. 29, dags. 25.10.2024 ásamt umsögn svæðisskipulagsnefndar dags. 28.10.2024

#### 11. Efni til kynningar

- Suðurland 2050 – Vinnugögn frá vinnustofu á Ársþingi SASS dags. 31.10.2024
- Frá Gott og Gilt – Boð um ráðgjafarfjónustu
- Bókun sveitarstjórnar Rangárþings ytra – Flóahreppur. Sundkennsla

- d) Frá Fjarskiptastofu – Fjarskiptastofa tekur í notkun Stafrænt pósthólf á island.is
- e) Frá Umhverfisstofnun – Leiðbeiningar um hvernig eigi að meta áhrif framkvæmda og starfsemi á vatnshlot skv. lögum um stjórн vatnamála
- f) Frá Samráðsgátt – Boð um þáttöku í samráði: Drög að flokkun tíu vindorkuverkefna
- g) Næsti fundur sveitarstjórnar verður 7. janúar kl. 16:00 í Þingborg og í beinu streymi.

Árni Eiríksson (sign)

Walter Fannar Kristjánsson (sign)

Hjalti Guðmundsson (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)

Harpa Magnúsdóttir (sign)

The image shows five handwritten signatures arranged vertically. From top to bottom: 1. "Árni Eiríksson" in a cursive script. 2. "Walter Fannar Kristjánsson" in a larger, more formal cursive script. 3. "Harpa Magnúsdóttir" in a cursive script. 4. "Hjalti Guðmundsson" in a cursive script. 5. "Hulda Kristjánsdóttir" in a cursive script.

## Fundargerð 960. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2024, föstudaginn 13. desember kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar á Berjaya Reykjavík Marina Hotel.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Hildur Björnsdóttir, Helgi Kjartansson, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Sunna Hlín Jóhannesdóttir.

Jón Björn Hákonarson boðaði forföll, varamaður hans Sunna Hlín Jóhannesdóttir mætti í hans stað. Margrét Ólöf A. Sanders boðaði forföll, varamaður hennar Helgi Kjartansson mætti í hennar stað.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Fundargerðir 955., 956., 957., 958. og 959. fundar - 2309033SA**

Lagðar fram til kynningar fundargerðir 955., 956, 957., 958. og 959. fundar stjórnar Sambandsins frá 15., 20., 22. og 24. og 29. nóvember 2024, sem undirritaðar hafa verið með rafrænum hætti.

**2. Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2210013SA**

Lögð fram fundargerð 100. fundar verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 4. nóvember 2024.

**3. Stafrænt ráð sveitarfélaga - 2009664SA**

Lögð fram fundargerð 32. fundar stafræns ráðs sveitarfélaga frá 20. nóvember 2024.

**4. Fræðslumálaneftnd Sambandsins - 2210009SA**

Lagðar fram fundargerðir 156. og 157. fundar fræðslumálaneftndar Sambandsins frá 12. september og 30. október 2024.

**5. Kjaramálaneftnd Sambandsins - 2210010SA**

Lögð fram sem trúnaðarskjall fundargerð 47. fundar kjaramálaneftndar Sambandsins frá 19. nóvember 2024.

**6. Staða kjaramála - 2406015SA**

Formaður samninganefndar sveitarfélaga gerði grein fyrir stöðu kjaramála í desember 2024. Fram kom í máli hennar að samtalið við KÍ hafi gengið vel seinustu vikur og að góður gangur sé í viðræðunum.

Stjórn fagnar því að samtal við Kí hafi gengið vel undanfarið og að góður gangur sé í viðræðunum. Mikilvægt að er að nýta vel þann tíma sem er framundan til að ná sátt.

**7. Kjarasamningar - 2406015SA**

Lögð fram samkomulög milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Verkalýðsfélagsins Hlífar, Samiðnar vegna Strætó, Félagsráðgjafafélags Íslands, Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, Proskapjálfafélags Íslands, Iðjuþjálfafélags Íslands og Sálfræðingafélags Íslands, dags. 21. og 26., 28. og 29. nóvember og 4. desember 2024, um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfestir samhljóða fyrirliggjandi kjarasamninga við Verkalýðsfélagið Hlíf, Samiðn vegna Strætó, Félagsráðgjafafélag Íslands, Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, Proskapjálfafélags Íslands, Iðjuþjálfafélags Íslands og Sálfræðingafélags Íslands.

**8. Fjárhagsáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2025 - 2411024SA**

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2025, ásamt greinargerð. Sviðsstjóri þjónustusviðs Sambandsins gerir grein fyrir áætluninni.

Stjórn sambandsins samþykkir tillögu að fjárhagsáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2025. Breytingar á fjárhagsáætlun yfir árið verða lagðar fyrir stjórn.

**9. Tillaga að fulltrúum í mennta- og velferðarnefnd Sambandsins og erindisbréf - 2412009SA**

Á yfirstandandi kjörtímabili hefur Samband íslenskra sveitarfélaga farið í allsherjar endurskoðun og endurskipulagningu á innra starfi og starfsemi með það að augnamiði að skerpa framtíðarsýn, frumkvæði, hagsmunagæslu og samstarf innan sveitarstjórnarstigsins. Pann 1. desember 2023 tók gildi nýtt skipurit og nú 1. Janúar 2025 tekur til gildi nýtt skipulag fastanefnnda Sambandsins. Fastaneft er fagneft Sambandsins í þeim málefnum sem undir nefndina falla og vísar til stjórnar þeim álitamálum sem skera þarf úr um.

Megintilgangur breytinga fastanefta er að efla samráð við kjörna fulltrúa og sérfræðinga sem starfa hjá sveitarfélögum. Fastaneftir starfi í samræmi við teymi sambandsins og að þannig verði tryggt að allir málaflokkar fái góða umfjöllun. Til að styrkja samráð er stjórnarmaður formaður í hverri nefnd og teymisstjóri starfsmaður nefndarinnar.

Breytingarnar hafa það í för með sér að eldri nefndir eru lagðar niður og skipað í nýjar frá og með 1. janúar 2025. Stjórn Sambandsins vill við það tækifæri þakka fráfarandi fulltrúum í nefndunum kærlega fyrir sín störf fyrir Sambandið og þeirra verðmæta framlag til sveitarstjórnarstigsins.

Lögð fram tillaga að fulltrúum í menntunar- og velferðarnefnd Sambandsins 2025-2026, dags. 13. desember 2024, ásamt drögum að erindisbréfi nefndarinnar.

*Stjórn samþykkir erindisbréf nefndarinnar og að tilnefna eftirfarandi fulltrúa í nefndina: Nanný Örnu Guðmundsdóttir, Örnu Ír Gunnarsdóttur, Sigríði Huldu Jónsdóttir, Elínu Lilju Gunnarsdóttur, Helga Arnarson, Hlöðver Inga Gunnarsson og Rannveigu Einarssdóttur.*

*Nanný Arna Guðmundsdóttir verður formaður nefndarinnar.*

**10. Tillaga að fulltrúum í umhverfis- og innviðanefnd Sambandsins og erindisbréf - 2412010SA**

Lögð fram tillaga að fulltrúum í umhverfis- og innviðanefnd Sambandsins 2025-2026, dags. 13. desember 2024, ásamt drögum að erindisbréfi nefndarinnar.

*Stjórn samþykkir erindisbréf nefndarinnar og að tilnefna eftirfarandi fulltrúa í nefndina: Guðnýju Birnu Guðmundsdóttur, Anton Kára Halldórsson, Guðmund Ara Sigurjónsson, Höllu Karen Kristjánsdóttur, Rut Jónsdóttur, Jón Viggó Gunnarsson og Hjörleif Finnsson. Guðný Birna Guðmundsdóttir verður formaður nefndarinnar.*

**11. Tillaga að fulltrúum í kjaramálanefnd Sambandsins og erindisbréf - 2210010SA**

Lögð fram tillaga að fulltrúum í kjaramálanefnd Sambandsins 2025-2026, dags. 13. desember 2024, ásamt drögum að erindisbréfi nefndarinnar.

*Stjórn samþykkir erindisbréf nefndarinnar og að tilnefna eftirfarandi fulltrúa í nefndina: Jón Björn Hákonarson, Margréti Sanders, Stefán Brodda Guðjónsson, Höllu Margréti Tryggvadóttur, Lóu Birnu Birgisdóttur, Baldur Inga Jónsson og Sigríði Prúði Stefánsdóttur. Jón Björn Hákonarson verður formaður nefndarinnar.*

**12. Tillaga að fulltrúum í stafrænt ráð sveitarfélaga og erindisbréf - 2009664SA**

Lögð fram tillaga að fulltrúum í stafrænt ráð sveitarfélaga 2025-2026, dags. 13. desember 2024, ásamt drögum að erindisbréfi ráðsins.

*Stjórn samþykkir erindisbréf ráðsins og að tilnefna Frey Antonsson í ráðið. Aðrir fulltrúar í ráðinu eru tilnefndir af landshlutasamtökum sveitarfélaga og haldast óbreyttir.*

**13. Breyting á fjármálareglum sveitarfélaga - 2408012SA**

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra þróunarsviðs Sambandsins, dags. 9. desember 2024, vegna umsagnar um breytingu á reglugerð nr. 502/2012 er varðar fjármálareglur sveitarfélaga.

**14. Tilnefning í samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks - 2410022SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 14. nóvember 2024, þar sem Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir, félagsmálastjóri á fjölskyldusviði Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Valgerður Jónsdóttir, sérfræðingur hjá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar, eru tilnefndar í samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks 2024-2028.

15. **Tilnefning í starfshóp um sviðsmyndagreiningar um íbúðaþörf - 2411004SA**  
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 14. nóvember 2024, þar sem Saga Guðmundsdóttir, aðalhagfræðingur Sambandsins, er tilnefnd í starfshóp um sviðsmyndagreiningar um íbúðaþörf.
16. **Tilnefning í fagráð siglingamála - 2410013SA**  
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 15. nóvember 2024, þar sem Gísli Jóhann Halldórsson, yfirhafnsögumaður hjá Faxaflóahöfnum, er tilnefndur sem aðalmaður í fagráð siglingamála og Dóra Björk Gunnarsdóttir, hafnarstjóri í Vestmannaeyjum, til vara.
17. **Tilnefning varamanns í samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks - 2410022SA**  
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 25. nóvember 2024, þar sem María Ingibjörg Kristjánsdóttir, sérfræðingur á stjórnsýslusviði Sambandsins, er tilnefnd sem varamaður í samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks.
18. **Umsögn um frumvarp til sóttvarnalaga - 2410011SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 9. október 2024, um frumvarp til sóttvarnalaga, 231. mál.
19. **Umsögn um aðgerðaáætlun um gervigreind - 2411017SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 21. nóvember 2024, um aðgerðaráætlun um gervigreind 2024-2026, mál nr. S-223/2024.
20. **Umsögn um skýrslu um Kolefnismarkaði - Áskoranir og tækifæri í íslenski samhengi - 2412004SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 4. desember 2024, um skýrslu um Kolefnismarkaði - Áskoranir og tækifæri í íslensku samhengi, mál nr. S-231/2024.

Guðmundur Ari Sigurjónsson tilkynnti að hann væri að sitja sinn seinasta fund þar sem hann er að taka sæti á Alþingi og hætta sem bæjarfulltrúi á Seltjarnarnesi. Þakkaði hann fyrir farsælt og ánægjulegt samstarf seinustu árin. Annað stjórnarfólk þakkaði Guðmundi Ara kærlega fyrir samstarfið.

Í lok fundar óskaði formaður stjórnarfólk og starfsfólk gledilegrar hátíðar.

Fundi var slitið kl. 13:50

<input checked="" type="checkbox"/> DIGITAL SIGNATURE	27.12.2024 11:30:49 GMT	<input checked="" type="checkbox"/> DIGITAL SIGNATURE	27.12.2024 11:32:16 GMT	<input checked="" type="checkbox"/> DIGITAL SIGNATURE	27.12.2024 11:34:27 GMT	<input checked="" type="checkbox"/> DIGITAL SIGNATURE	27.12.2024 12:09:21 I
Katrín Sigurjónsdóttir	Björn Ingimarsson	Kristinn Jónasson	Guðmundur Haukur Jakobsson				
Katrín Sigurjónsdóttir Reason: Signature	Björn Ingimarsson Reason: Signature	Kristinn Jónasson Reason: Signature	Guðmundur Haukur Jakobsson Reason: Signature				
<input checked="" type="checkbox"/> DIGITAL SIGNATURE	27.12.2024 13:04:11 GMT	<input checked="" type="checkbox"/> DIGITAL SIGNATURE	28.12.2024 10:13:22 GMT	<input checked="" type="checkbox"/> DIGITAL SIGNATURE	28.12.2024 14:43:40 GMT	<input checked="" type="checkbox"/> DIGITAL SIGNATURE	29.12.2024 08:33:07 I
Iris Roberts dóttir	Jónína Brynjólfssdóttir	Kristinn Andersen	Knútur Emil Jónasson				
Iris Roberts dóttir Reason: Signature	Jónína Brynjólfssdóttir Reason: Signature	Kristinn Andersen Reason: Signature	Knútur Emil Jónasson Reason: Signature				
<input checked="" type="checkbox"/> DIGITAL SIGNATURE	30.12.2024 12:37:44 GMT	<input checked="" type="checkbox"/> DIGITAL SIGNATURE	30.12.2024 12:37:44 GMT	<input checked="" type="checkbox"/> DIGITAL SIGNATURE	30.12.2024 12:37:44 GMT	<input checked="" type="checkbox"/> DIGITAL SIGNATURE	30.12.2024 12:37:44 GMT
Ísleifur Jónasson	Ása Valdís Árnadóttir	Gerður Björk Sveinsdóttir					
Ísleifur Jónasson Reason: Signature	Ása Valdís Árnadóttir Reason: Signature	Gerður Björk Sveinsdóttir Reason: Signature					

## Fundinn sátu sameiginlega í Indastjórnar Samtaka orkusveitarfélaga og Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum.

Árið 2024, 6. desember kl. 08:15 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga og Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Guðmundur Haukur Jakobsson, Ísleifur Jónasson, Knútur Emil Jónasson, Kristinn Andersen, Iris Róbertsdóttir, Björn Ingimarsson, Kristinn Jónasson, Björg Ágústsdóttir, Katrín Sigurjónsdóttir, Jónína Brynjólfssdóttir og Gerður Björk Sveinsdóttir.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson og Gréta Mar Jósepsdóttir sem ritaði fundargerð.

Petta var tekið fyrir:

### Dagskrá:

- Umræður um samleiðaraáhrif beggja samtaka og hvaða leiðir er hægt að fara.

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga og Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum ræddu um samlegðaráhrifa samtakanna. Orkumálin eru umfangsmikil og flókin, með fjölmörgum verkefnum sem þarf að leysa. Það er því nauðsynlegt að vinna saman og samræma aðgerðir. Samtökin voru sammála um mikilvægi þess að horfa á heildarmyndina og hafa skyra og sterka framtíðarsýn í orkumálum.

- Kynning frá Önnu Jonna Ármannsdóttur og Kristu Hannesdóttur hjá Íslensku Gagnavinnslunni í tengslum við sólarorkuver í stærri skala og hvernig þetta hefur áhrif á sveitarfélög í framtíðinni.

Í kynningunni voru meðal annars sýnd dæmi um uppsetningu sólarsella erlendis, þar sem þær eru nýttar bæði meðfram ræktun og á opnum svæðum í náttúrunni. Fjallað var um áhrif sólarsella sem orkugjafa og að orkusöfnun sem þessi samræmdist jákvæðri sjálfbærri nýtingu orkuauðlinda. Auk þess var bent á að efnisvinnsla orkunnar valdi tiltölulega litlu jarðraski og að grindurnar, sem unnið væri með, séu úr umhverfisvænum eftir.

Þær lögðu áherslu á að draga þurfi verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda á næstu fimm árum, ef Ísland á að ná loftslagsmarkmiðum Evrópusambandsins. Náist þessi markmið ekki, gæti Ísland þurft að kaupa kolefnishlutlausa orku af öðrum þjóðum.

Staðan á Íslandi er áberandi frábrugðin Danmörku, þar sem hvatakerfi og ívilnanir styðja við framleiðslu á sólarorku. Á meðan Danir leggja mikinn kraft í að fylgja sólarorkustöðvum, hefur fjöldi slíksra stöðva verið að minnka á Íslandi, meðal annars vegna neikvæðs viðhorfs gagnvart staðsetningu þeirra í sveitarfélögum.

Sólarorka krefst vissulega pláss, en hægt er að koma henni fyrir víðast hvar. Efnin sem notuð eru í framleiðslu sólarorkubúnaðar eru auðveldlega endurnýtanleg, sem styrkir sjálfbærni hennar. Sólarorkustöðvar henta vel í nærsamfélögum, ólíkt vindorkuverum sem oft eru staðsett fjarri byggð eða út á hafi, er haft eftir orðum kynna.

Anna Jonna Ármannsdóttir og Krista Hannesdóttir starfsmenn íslensku Gagnavinnslu véku af fundi eftir þennan lið.

3. Kynning frá Silja Rán Steinberg Sigurðardóttur aðstoðarforstjóra hjá Rarik um jöfnun raforkuverðs.

Í kynningunni var fjallað um núverandi kerfi sem miðar að því að jafna dreifbýliskostnað við dreifingu raforku. Markmið laganna er að tryggja jafnan kostnað til almennra notenda. Í kerfinu greiða allir notendur, að undanskildum stórnottendum, ákveðið jöfnunargjald, sem margir telja ósanngjarnt. Ráðuneytið hyggst hefja endurskoðun á þessu kerfi.

Rarik hefur bent á að fjárhæð niðurgreiðslunnar hafi ekki aukist milli ára og sé lægri en sett markmið stjórnvalda gera ráð fyrir. Fyrir heimili á hitaveitusvæðum er jöfnunarhlutfallið nú um 70%.

Silja Rán Steinberg Sigurðardóttir aðstoðarforstjóri hjá Rarik vék af fundi eftir þennan lið lið.

Gerður Björk Sveinsdóttir vék af fundi kl 9:55

4. Umræður hjá stjórnunum um næstu skref.

Umræða var tekin um næstu skref hjá samtökunum. Ákveðið að skoða áfram hvar samtökin geta unnið saman.

Stjórnir beggja samtaka samþykktu samhljóða eftirfarandi ályktun:

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga og stjórn Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum hvetja nýkjörna þingmenn til að tryggja raforkuöryggi í landinu; þ.e. tryggja aðgengi að orku á sanngjörnu verði.

Samtökin telja að skipta verði orkumarkaðnum upp í two samkeppnismarkaði þar sem annar er fyrir almenning, sveitarfélög í landinu og minni fyrirtæki og hinn verði stórnottendur.

Nú þegar orkuverð fer hækkandi þarf að tryggja heimilum raforkuöryggi með lögum. Huga þarf sérstaklega að rafkynntum svæðum.

Fundi slitið kl. 10:02